

ATHUGUN Á HRYGNINGARSTÖÐVUM Í LEGINUM 1975.

Skv. beiðni Náttúrufræðistofnunar Íslands dagsettri 29/8 1975 var Veiðimálastofnuninni falið að meta hvort skaði yrði á hrygningarstöðvum í Leginum, ef leyfð yrði vatnsborðshækkun í kóta 20.55 í vetur. Athugun þessi var framkvæmd dagana 17-20 október. Vatnið var þá í kóta 20.60 (1.90m. á mælistiku v.brú). Niðurstaða varð sú, að umrædd vatnsborðshækkun mun ekki hafa nein veruleg áhrif á nýliðun, (þ.e. viðkomu og tilurð nýrra einstaklinga) urriða og bleikju í Leginum. Skal nú skýrt frá tilhögun rannsóknarinnar.

Heimamenn gáfu þær upplýsingar að riðstöðvar bleikju myndu vera nálægt Skipalæk, ca. 500 m. SV. við hólmana skammt frá Lagarfljótsbrú. Ætlunin hafði verið að kanna strandlengjuna með dýptarmæli og reyna þannig að finna hrygningarstöðvar, en ekki reyndist unnt að útvega bát til verksins.

Net voru lögð við Skipalæk, skv. ábendingu Grétars Brynjólfssonar. Afli varð sem hér segir:

omf./alin	möskvastærð mm á legg		afli
16	40	4 urriðar	1 bleikja
18	35	7 "	1 "
20	32	enginn	
24	26	1 urriði	3 bleikjur
30	21		1 bleikja
Samt. 5 net		12 urriðar	6 bleikjur

Urriðarnir voru 25-46 cm að lengd, allir fremur horaðir. Enginn fiskanna var með þroskuð kynfæri. Bleikjurnar voru frá 16,0-33,5 cm og voru 5 þeirra kynþroska, hængar með rennandi svil. Auk þess fannst 17,5 cm löng hrygna með þroskuð hrogn í maga eins urriðans.

Allar bleikjurnar voru með tóman maga nema ein, sú hafði étið frjógvuð hrogn.

Tveir urriðar voru með tóman maga, tveir höfðu étið hornsíli, en afgangurinn hafði étið bleikju.

Þessi atriði renna stoðum undir þá skoðun að á þessum stað séu riðstöðvar bleikju.

Ætla verður að þarna sé innstreymi af fersku vatni sem geri þennan stað ákjósanlegan til hrygningar. Sennilega eru slíkir staðir víðar við Löginn, en ekki tókst að afla upplýsinga um það í þessari ferð.

Sem kunnugt er, hrygnir urriði nær undantekningarlaust í rennandi vatni. Eyvindará og Grímsá voru athugaðar, og eru þær báðar vel fallnar sem hrygningarár fyrir urriðann. Vatnsborðshækkun í Leginum hefur engin áhrif á þessar ár.

Aldursgreining á fiskunum sýndi að þeir eru gamlir (bleikjurnar 4-10 ára, urriðarnir 8-12 ára) og vöxturinn hægur. Þetta var reyndar vitað áður, og það sem takmarkar vöxt og viðgang silungastofna svæðisins er fyrst og fremst ætisskortur, en ekki lélegar hrygningarstöðvar.

Allir veiddir fiskar voru aldursgreindir og reiknaður var út vöxtur urriðanna, en ekki þykir ástæða til að birta þær tölur hér, en það verður gert við annað tækifæri. Öll frumgögn eru aðgengileg á Veiðimálastofnuninni.

Jón Kristjánsson